

Reykjavík 23. október 2023

Umsögn Félags íslenskra bókaútgefenda vegna frumvarps til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustufu. Sjá þingskjal hér:

<https://www.althingi.is/altext/154/s/0241.html>

Líkt og í fyrri umsögnum mínum f.h. Félags íslenskra bókaútgefenda (Fíbút) um þetta mál á fyrri stigum m.a. til ykkar í í Allsherjar- og menntamálanefndar 5. maí 2023, þá fagna ég þessum áformum mennta- og menningarmálaráðherra sem nú eru framlögð sem stjórnarfrumvarp um Miðstöð menntunnar og skólaþjónustu.

Uppstokkun á hlutverki, tilgangi og markmiði Menntamálastofnunnar er löngu orðin tímabær og ánægjulegt hversu þessar breytingar sem hér eru lagðar fram eru umfangsmiklar. En á sama tíma þá eru það ennþá vonbrigði að ekki eigi á sama tíma að lögfesta breytingar á fyrirkomulagi námsbókaútgáfu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastigið. Þrátt fyrir að nú sé búið að gera breytingar frá fyrra frumvarpi á skilgreiningu verkefna stofnunarinnar þá verður ríkiseinokun á námsefni fyrir allt grunnskólastigið áfram lögfest. Í 4. gr. tölulíðs b. segir: „*sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og öðrum nemendum eftir því sem stofnunni kann að vera falíð.*“

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu varðandi námsgögn segir þetta: „*Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á þessu verkefni að svo stöddu en vinna við endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna stendur nú yfir í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir frekari lagabreytingum á 154. lögjafarþingi þegar niðurstaða endurskoðunarinnar liggur fyrir.*“

Því ber að fagna að hér hefur verið tillit til fyrri athugasemda okkar hjá Fíbút með því að kveða fastara að orði heldur en gert var í greinargerð með fyrri útgáfu af frumvarpinu. Einnig lýsum við ánægju með það að þegar sé hafin vinna við endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og bindum miklar vonir með sú vinna skili árangri. En með þessari lasetningu nú er komið upplagt tækifæri til þess að setja þessari endurskoðun metnaðarfullri markmið heldur en að gera bara ráð fyrir lagabreytingu á yfirstandandi þingi.

Hér með skora ég því á ykkur fulltrúa í Allsherjar- og menntamálanefnd að festa þessa endurskoðun og breytingar á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna í lögin með tímamörkun þ.e.a.s. að endurskoðuninni verði lokið eigi síðar á vormánuðum 2024 og að frekari lagabreyting í samræmi við þá niðurstöðu verði lögð fram í beinu framhaldi á yfirstandandi þingi.

Það er langt frá því að þetta mál sé einkamál okkar bókaútgefenda því hvergi í þeim löndum sem við berum okkur svo gjarnan við tíðkast það að ríkið sé með einokun á útgáfu á námsefni fyrir heilt skólastig. Að tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttum námsgögnum með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til heilla og hagsbóta.

Í þessari endurskoðunarvinnu er svo afar brýnt að taka á útgáfu á námsgögnum fyrir framhaldsskólastigið. Núverandi fyrirkomulag hér á landi sem byggir á því að nemendurnir þurfa sjálfir að bera þennan kostnað tíðkast heldur hvergi á hinum Norðurlöndunum þar sem ríkið ber þennan kostnað með kaupum á námsefni fyrir nemendur af sjálfstætt starfandi útgefendum. Þetta fyrirkomulag hér á landi hefur verið harðlega gagnrýnt m.a. af skólameisturum framhaldsskólanna þar sem það stuðlar að verulegum ójöfnuði til náms og brotfalli úr námi fyrir tekjulægri einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Það er því stórt velferðarmál að allir þjóðfélagshópar hér á landi hafi jafnan rétt til náms óháð efnahag og tekjum. Það er í raun skammarlegt að Ísland skuli vera eina landið á Norðurlöndum þar sem ríkið sér nemendum í framhaldsskólum ekki fyrir námsgögnum með því að kaupa þau af sjálfstætt starfandi útgefendum.

Að þessu sögðu vonast ég til þess að fá tækifæri til þess að rökstyðja mál mitt frekar fyrir ykkur í Allsherjar- og menntamálanefnd og svara spurningum sem að þið kunnið að hafa nánar varðandi þetta.

Virðingarfyllt,

Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.